

GÓÐ AFKOMA Á ÞRIÐJA ÁRSFJÓRÐUNGI 2012

- | EBITDA 77,9 milljónir USD og eykst um 7,4 milljónir USD á milli ára.
- | Tekjuaukning 8% frá sama tímabili í fyrra.
- | Eiginfjárhlutfall 39%.
- | Handbært fé frá rekstri 10,1 milljón USD samanborið við 5,3 milljónir USD til rekstrar árið áður.

Púsundir USD	3. ársfj. 2012	3. ársfj. 2011	Breyting (%)	9 mán. 2012	9 mán. 2011	Breyting (%)
Rekstrarreikningur						
Heildartekjur	317.351	292.560	8%	709.444	627.358	13%
EBITDAR	92.665	86.542	7%	146.692	131.175	12%
EBITDA	77.939	70.586	10%	103.709	85.987	21%
EBIT	61.147	57.788	6%	58.938	51.158	15%
EBT	64.757	54.116	20%	65.941	42.643	55%
Hagnaður tímabilsins	51.362	43.758	17%	52.492	37.945	38%
Efnahagsreikningur						
Heildareignir	-	-	-	794.683	745.351	7%
Eigið fé	-	-	-	306.368	271.427	13%
Vaxtaberandi skuldir	-	-	-	158.126	159.201	-1%
Nettó vaxtaberandi skuldir	-	-	-	-9.549	50.220	-
Sjóðsstreymi						
Veltufé frá rekstri	89.771	76.229	18%	130.657	96.476	35%
Handbært fé frá /til rekstrar	10.106	-5.280	-	168.458	107.610	57%
Fjárfestingahreyfingar	-21.489	-16.909	27%	-50.824	-82.455	-38%
Fjármögnunarahreyfingar	-9.401	-19.315	-51%	-45.329	-38.214	19%
Handbært fé í lok tímabils	-	-	-	151.552	82.553	84%
Lykiltölur						
Afkoma á hlut USD	1,26	1,07	18%	1,29	0,93	39%
Innra virði hlutfjár	-	-	-	7,55	6,69	13%
Eiginfjárhlutfall	-	-	-	39%	36%	2,1 %-stig
Veltufjárhlutfall	-	-	-	1,00	1,00	0%
Fjárfestingar	22.939	16.142	42%	66.614	71.175	-6%
Flutningatekjur sem % af heildartekjum	72%	70%	2,0 %-stig	64%	60%	4,0 %-stig
EBITDAR hlutfall	29,2%	29,6%	-0,4 %-stig	20,7%	20,9%	-0,3 %-stig
EBITDA hlutfall	24,6%	24,1%	0,4 %-stig	14,6%	13,7%	0,9 %-stig
Hlutabréf (ISK)						
Hæsta verð á tímabili	7,21	5,70	26%	7,21	5,70	26%
Lægsta verð á tímabili	6,65	4,95	34%	4,83	3,09	56%
Lokaverð tímabils	-	-	-	7,13	5,70	25%
Markaðsvirði í lok tímabils (milljónir)	-	-	-	35.650	28.500	25%

Allar samanburðartölur fyrra árs eru þýddar yfir í USD miðað við árslokagengi 2011, sem var 122,6 ISK.

BJÖRGÓLFUR JÓHANSSON, FORSTJÓRI

„Það var áframhaldandi arðbær innri vöxtur á þriðja ársfjórðungi hjá félaginu. Farþegum í millilandaflugi fjölgaði um 11% á milli ára og sætanýting nam 84,0% en var 83,3% á sama tímabili 2011. Farþegum sem fljúga með félaginu á milli Norður-Ameríku og Evrópu fjölgaði um 22%, en sá markaður hefur verið í stöðugum vexti síðustu misseri. Farþegum til Íslands fjölgaði einnig töluvert sem hafði jákvæð áhrif á ferðaþjónustufyrirtæki innanlands.“

Afkoma félagsins á ársfjórðungnum var góð og hagnaður tímabilsins nam 51,4 milljónum USD og var 7,6 milljónum USD hærri en á sama tímabili á síðasta ári. Afkoma margra flugfélaga í heiminum hefur að undanfögnu versnað vegna ótryggs efnahagsástands og viðvarandi hás eldsneytisverðs. Af þeim sökum er gleðilegt að sjá hversu góðum árangri Icelandair Group nær á sama tíma. Sveigjanleiki í viðskiptalíkani, sterk vörumerki ásamt góðu og ötulu starfsfólki hefur gert okkur kleift að takast á við krefjandi ytri aðstæður og sýna mjög ásættanlega afkomu.

Afkoma þriðja ársfjórðungs var í takt við áætlanir og er afkomuspá fyrir árið óbreytt en hún gerir ráð fyrir að EBITDA verði á milli 110-115 milljónir USD.“

FLUTNINGATÖLUR

- Farþegar í millilandaflugi á þriðja ársfjórðungi voru um 745 þúsund og fjölgaði um 11%.
- Sætanýting var 84,0% og jókst um 0,7 prósentustig á milli ára.

	3.ársfj. 12	Br. (%)	9 mán. 12	Br. (%)
MILLILANDAFLUG				
Farþegafjöldi ('000)	744,8	11%	1.597,8	15%
Sætanýting (%)	84,0	0,7 %-stig	81,7	2,1 %-stig
Framboðnir sætiskilómetrar ('000.000)	2.562,2	13%	5.571,3	14%
INNANLANDS- OG GRÆNLANDSFLUG				
Farþegafjöldi ('000)	100,5	-4%	266,2	0%
Sætanýting (%)	68,9	-2,3 %-stig	68,5	-0,8 %-stig
Framboðnir sætiskilómetrar ('000.000)	62,7	4%	143,8	2%
LEIGUFLUG				
Flotanýting (%)	95,8	8,5 %-stig	92,3	0,0 %-stig
Seldir blokk tímar	8.089	-9%	24.009	-10%
FRAKTFLUTNINGAR				
Framboðnir tonn kílómetrar ('000)	54.958	3%	138.782	7%
Seldir tonn kílómetrar ('000)	21.005	8%	66.211	18%
HÓTEL				
Framboðnar gistinætur	96.284	10%	226.154	14%
Seldar gistinætur	82.359	13%	170.312	20%
Herbergjanýting (%)	85,5	2,3 %-stig	75,3	3,7 %-stig

Á þriðja ársfjórðungi jókst framboð í millilandaflugi um 13% á milli ára og farþegum fjölgaði á sama tíma um 11%. Farþegaaukning var mest á markaðinum á milli Evrópu og Norður-Ameríku eða 22%.

Farþegar á þessum markaði voru um 50% af heildarfarþegafjölda félagsins í fjórðungnum. Sætanyting var 84,0% og jókst um 0,7 prósentustig frá fyrra ári.

Farþegar í innanlands- og Grænlandsflugi voru rúmlega 100 þúsund í fjórðungnum og fækkaði um 4% miðað við sama tímabil í fyrra. Sætanyting nam 68,9% og lækkaði um 2,3 prósentustig á milli ára. Flotanýting í leiguflungsverkefnum jókst um 8,5 prósentustig og nam 95,8%. Seldum blokk tímum í leiguflogi á fjórðungnum fækkaði um 9% á milli ára, þar sem fraktvélar í leiguflungsverkefnum voru einni færri en á sama tímabili síðasta árs. Fjöldi seldra gistinóta jókst um 13% á þriðja ársfjórðungi. Herbergjanýtingin nam 85,5% og jókst um 2,3 prósentustig miðað við á sama tímabili á síðasta ári.

REKSTUR ÞRIÐJA ÁRSFJÓRÐUNGS

EBITDA var jákvæð um 77,9 milljónir USD á þriðja ársfjórðungi og jókst um 7,4 milljónir USD miðað við sama tímabil 2011. **EBITDA-hlutfall** hækkaði og var 24,6% en var 24,1% á þriðja ársfjórðungi 2011. **EBIT** var 61,1 milljón USD en var 57,8 milljónir USD á sama tímabili árið á undan. **Hagnaður eftir skatta** var 51,4 milljónir USD en á sama tímabili 2011 nam hagnaður 43,8 milljónum USD.

Þúsundir USD	3. ársfj. 2012	3. ársfj. 2011	Br. (%)
EBITDAR	92.665	86.542	7%
EBITDA	77.939	70.586	10%
EBIT	61.147	57.788	6%
EBT	64.757	54.116	20%
Hagnaður tímabilsins	51.362	43.758	17%
EBITDAR %	29,2%	29,6%	-0,4 %-stig
EBITDA %	24,6%	24,1%	0,4 %-stig

TEKJUR

- Heildartekjur voru 8% hærrí en 2011.
- Farþegatekjur jukust um 12% á milli ára.
- Aukning ferðamanna til Íslands eykur tekjur af ferðatengdri þjónustu.

Þúsundir USD	3. ársfj. 2012	3. ársfj. 2011	Br. (%)
Flutningatekjur	228.853	205.208	12%
Flugvéla- og áhafnaleiga	31.140	33.905	-8%
Aðrar rekstrartekjur	57.358	53.447	7%
Samtals	317.351	292.560	8%

Flutningatekjur jukust um 23,6 milljónir USD eða um 12%. Aukning í fjölda farþega í millilandaflugi var 11%. **Tekjur af leiguflogi** drógust saman um 2,8 milljónir USD. Fraktvélar í leiguflungsverkefnum voru einni færri í ár miðað við síðasta ár og skýrir það samdráttinn að stærstum hluta. **Aðrar rekstrartekjur** hækkuðu um 3,9 milljónir USD eða um 7% miðað við þriðja ársfjórðung 2011, þar af jukust tekjur af ferðþjónustu um 2,3 milljónir USD.

KOSTNAÐUR

- Heildarkostnaður jókst um 17,4 milljónir USD.
- Kostnaðarhækkunarir eru að mestu tilkomnar vegna aukins framboðs.

Þúsundir USD	3. ársfj. 2012	3. ársfj. 2011	Br. (%)
Laun og annar starfsmannakostnaður	54.518	48.468	12%
Eldsneytiskostnaður	73.617	63.271	16%
Flugvéla- og áhafnaleiga	20.194	23.662	-15%
Afgreiðslu-, lendingar og yfirflugsgjöld	23.621	21.190	11%
Viðhaldskostnaður flugvéla	14.760	16.799	-12%
Annar rekstrarkostnaður	52.702	48.584	8%
Samtals	239.412	221.974	8%

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður hækkuðu um 6,1 milljón USD eða 12% í samanburði við þriðja ársfjórðung 2011. Skýrist það af auknu umfangi rekstrar auk áhrifa samningsbundinna launahækkana.

Eldsneytiskostnaður jókst um 10,3 milljónir USD sem er 16% hækkun frá sama tíma í fyrra. Skýrast frávikin að mestu leyti af framleiðsluaukningu á milli ára. Heimsmarkaðsverð á eldsneyti hækkaði á milli ára á þriðja ársfjórðungi. Árið 2011 var það að meðaltali 1,021 USD/tonn, en 1,027 USD/tonn á sama tímabili í ár.

Flugvéla- og áhafnaleiga lækkaði um 3,5 milljónir USD í samanburði við þriðja ársfjórðung 2011 eða um 15%. Skýrist það meðal annars af því að í lok ársins 2011 keypti félagið tvær Boeing 757 200 vélar sem það hafði áður haft á langtímaleigu, auk þess sem einni fraktvél var skilað á fyrri hluta ársins.

Afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjöld hækkuðu um 2,4 milljónir USD á milli ára eða um 11% sem skýrist af auknu framboði ásamt almennum verðhækkunum. **Viðhaldskostnaður** nam 14,8 milljónum USD og lækkaði um 2,0 milljónir USD á milli ára. **Annar rekstrarkostnaður** nam 52,7 milljónum USD og hækkaði um 4,1 milljón USD á milli ára. Skýrist það af aðkeyptri þjónustu vegna aukningar ferðamanna til Íslands ásamt liðum tengdum aukinni framleiðslu.

FJÁRMAGNSLIÐIR

- Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 3,8 milljónir USD.
- Gengisáhrif voru jákvæð um 5,0 milljónir USD.

Þúsundir USD	3. ársfj. 2012	3. ársfj. 2011	Br. (%)
Fjármunatekjur	867	1.474	-41%
Fjármagnsgjöld	-2.158	-2.023	7%
Gengismunur	5.058	-3.156	-
Samtals	3.767	-3.705	-

Fjármunatekjur námu 0,9 milljónum USD og voru 0,6 milljónum USD lægri en á þriðja ársfjórðungi árið 2011. Fjármagnsgjöld á þriðja ársfjórðungi námu 2,2 milljónum USD hækkuðu um 0,1 milljón USD á milli ára. Gengisáhrif á fjórðungnum voru jákvæð og námu 5,0 milljónum USD sem skýrist af töluverðum sveiflum á gengi helstu viðskiptamynta félagsins gagnvart USD.

EFNAHAGUR OG FJÁRHAGSLEG STAÐA

- Heildareignir voru 794,7 milljónir USD í lok þriðja ársfjórðungs.
- Eiginfjárlutfall var 39%.

Þúsundir USD	30.09.2012	30.09.2011	Br. (%)	31.12.2011
Heildareignir	794.683	745.351	7%	729.739
Eiginfjárlutfall	39%	36%	2,1 %-stig	36%
Vaxtaberandi skuldir	158.126	159.201	-1%	196.868
Nettó vaxtaberandi skuldir	-9.549	50.220	-	90.179
Handbært fé og markaðsverðbréf	167.675	108.980	54%	106.689
Veltufjárlutfall	1,00	1,00	0%	0,91

Varanlegir rekstrarfjármunir námu 280,9 milljónum USD og jukust um 4,7 milljónir USD frá ársbyrjun. Stærsta eign félagsins er flugvélafloti þess. Í lok fjórðungsins voru 37 flugvélar í flugflotanum. Að neðan er yfirlit yfir flota félagsins í lok þriðja ársfjórðungs.

Flugvélagæð	Icelandair	Cargo	Löftleiðir	Flugfélag Íslands	Heildar floti 30.09.12	Eigin vélar	Leiguvélar	Br. frá 31.12.11
B757 200	14	4	4		22	13	9	1
B757 300	1				1	1	0	0
B767 300			5		5	0	5	0
Fokker F-50				6	6	6	0	0
Dash 8-200				2	2	2	0	2
Dash 8-100					0	0	0	-1
A-320					1	1	0	0
Samtals	15	4	9	8	37	23	14	2

Eins og tilkynnt hefur verið um vinnur félagið að langtímastefnumótun í flugflotamálum og er reiknað með að ákvörðun um framtíðarflugflota verði tilkynnt á næstunni. Þeir möguleikar sem er verið að skoða eru eftirfarandi:

- Notast eingöngu við Boeing 757 vélar til ársins 2022.
- Notast við Boeing 757 vélar auk smærri véla.

Eigið fé nam 306,4 milljónum USD í lok þriðja ársfjórðungs og eiginfjárlutfallið var 39% og jókst miðað við lok þriðja ársfjórðungs 2011 þegar það nam 36%. Í árslok 2011 var eiginfjárlutfallið 36%.

Vaxtaberandi skuldir námu 158,1 milljón USD, samanborið við 159,2 milljónir USD í lok þriðja ársfjórðungs 2011. Afborganir langtímaskulda á þriðja ársfjórðungi námu 9,4 milljónum USD.

Handbært fé og markaðsverðbréf námu samtals 167,7 milljónum USD í lok þriðja ársfjórðungs 2012 samanborið við 109,0 milljónir USD í lok september 2011.

SJÓÐSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

- Handbært fé frá rekstri var 10,1 milljón USD.
- Niðurgreiðsla langtímalána nam 9,4 milljónum USD.

Púsundir USD	3. ársfj. 12	3. ársfj. 11	Br. (%)
Veltufé frá rekstri	89.771	76.229	18%
Handbært fé frá rekstri	10.106	-5.280	-
Fjárfestingahreyfingar	-21.489	-16.909	27%
Fjármögnunarahreyfingar	-9.401	-19.315	-51%
Handbært fé, breyting	-20.784	-41.504	-50%

Handbært fé frá rekstri á þriðja ársfjórðungi nam 10,1 milljón USD og jókst um 15,4 milljónir USD miðað við þriðja ársfjórðung 2011. **Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum** námu 5,8 milljónum USD, þar af nam fjárfesting í hreyflatímum 1,7 milljónum USD. **Fjárfestingar í langtímakostnaði** námu 15,7 milljónum USD. **Fjárfestingar í óefnislegum eignum** námu 0,7 milljónum USD. **Afborganir langtímalána** námu 9,4 milljónum USD í fjórðungnum. **Handbært fé** í fjórðungnum lækkaði um 20,8 milljónir USD. Lækkun á sama tímabili á síðasta ári nam 41,5 milljónum USD.

HORFUR Í REKSTRI ICELANDAIR GROUP HF.

- Forsendur gera ráð fyrir 110-115 milljónum USD í EBITDA á árinu 2012.
- Áframhaldandi innri vöxtur á næsta ári.

Horfur í rekstri Icelandair Group eru góðar. Áframhaldandi innri vöxtur er ráðgerður á næsta ári með 15% umfangsmeiri flugáætlun í millilandaflugi en á þessu ári. Aukið framboð mun fjölga ferðamönnum sem koma til Íslands sem hefur jákvæð áhrif á ferðaþjónustufyrirtæki innanlands. Vöxturinn er áætlaður meiri yfir vetrarmánuðina en yfir sumarið og er það í takt við stefnu félagsins að jafna árstíðarsveifluna í rekstrinum og byggja Ísland upp sem heilsársáfangastað.

Boðið verður uppá þrjú nýja áfangastaði í millilandaflugi: St. Pétursborg í Rússlandi, Zurich í Sviss og Anchorage í Alaska. Til viðbótar verður ferðum fjölgað til ýmissa borga í Bandaríkjunum og Evrópu. Gert er ráð fyrir að millilandafarþegar verði yfir 2,3 milljónir á árinu 2013, en samkvæmt áætlunum verða þeir yfir 2 milljónum á þessu ári. Tveimur Boeing-757 flugvélum verður bætt við flugflotann og munu alls 18 Boeing-757 flugvélar vera nýttar til áætlunarflugsins næsta sumar.

Bókunarstaða fyrir næstu mánuði er sterk og í samræmi við áætlanir. Fjöldi farþega sem fljúga með félaginu á milli Norður-Ameríku og Evrópu hefur aukist stöðugt á síðustu árum og er gert ráð fyrir að sú þróun muni halda áfram. Sem fyrr mun þó aðaláhersla vera lögð á að styrkja ferðamannamarkaðinn til Íslands.

Staða eldsneytisvarna félagsins í lok september er dregin fram í töflunni hér á eftir. Taflan sýnir að 28% af áætlaðri notkun á tímabilinu október 2012 – mars 2013 hefur verið varin með samningum. Auk samningsbundinna varna skilgreindir félagið samspil EUR/USD og eldsneytisverðs sem innri áhættuvörn. Þannig metur félagið að virkni náttúrulegra áhættuvarna á eldsneytisnotkun verði að meðaltali 13% á árinu 2012.

	Áætluð notkun (tonn)	Skiptasamn. og valréttir	Meðalverð samninga USD	Hlutfall varið
Október 2012	16.749	8.250	1.035	49%
Nóvember 2012	13.648	6.250	1.046	46%
Desember 2012	12.909	3.250	1.030	25%
Janúar 2013	10.627	1.000	984	9%
Febrúar 2013	9.594	1.000	1.059	10%
Mars 2013	11.294	1.000	1.023	9%
Samtals	74.821	20.750	1.036	28%

Almennt hefur arðsemi í flugrekstri dregist saman vegna ótryggs efnahagsástands í heiminum og viðvarandi hás eldsneytisverðs. Rekstur Icelandair Group hefur gengið vel síðustu misseri og horfur eru jákvæðar. Sveigjanleiki í viðskiptalíkani félagsins ásamt fjárhagslegum styrkleika hefur gert félaginu kleift að takast á við krefjandi ytri aðstæður.

Áætlanir gera ráð fyrir að EBITDA fyrir árið 2012 verði á bilinu 110-115 milljónir USD. Sú spá gerir ráð fyrir að gengi EUR gagnvart USD verði að meðaltali 1,25 á fjórða ársfjórðungi. Við mat á eldsneytiskostnaði er notast við raunverð þotueldsneytis í október, meðalverð (án tillits til varna) að upphæð 1.050 USD/tonn í nóvember og 1,000 USD/tonn í desember.

HLUTHAFAR

- Markaðsvirði félagsins í lok september var 35,6 milljarðar íslenskra króna.
- Hækkun hlutabréfaverðs á þriðja ársfjórðungi nam 8%

Markaðsvirði félagsins nam 35,6 milljörðum króna í lok þriðja ársfjórðungs 2012. Lokaverð fjórðungsins var 7,13 krónur á hvern hlut. Hæsta dagslokaverð á hvern hlut á fjórðungnum var 7,21 krónur, lægsta dagslokaverð á hvern hlut var 6,65 krónur og meðaltals dagslokaverð á tímabilinu var 6,90 krónur á hvern hlut. Fjöldi útgefinna hlutabréfa þann 30. september 2012 var 5.000.000.000 og fjöldi útstandandi bréfa á sama tíma var 4.974.540.000. Hlutabréfaverð félagsins hækkaði um 42% á fyrstu níu mánuðum ársins 2012 og fjöldi hluthafa var 1.403 í lok september.

Hlutabréfaverð og velta - þróun á fyrstu níu mánuðum 2012:



KYNNINGARFUNDUR 1. NÓVEMBER 2012

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn fimmtudaginn 1. nóvember 2012 á Icelandair Hótel Reykjavík Natura. Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, og Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála, munu kynna afkomuna og svara spurningum ásamt öðrum stjórnendum félagsins. Kynningin hefst kl. 16:30 í Þingsal 3. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: www.icelandairgroup.is og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

SAMÞYKKT ÁRSHLUTAREIKNINGS

Samstæðureikningur Icelandair Group vegna uppgjörs þriðja ársfjórðungs 2012 var samþykktur á stjórnarfundum þann 31. október 2012.

FJÁRHAGSDAGATAL

| Uppgjör 4. ársfjórðungs - vika 6, 2013

FREKARI UPPLÝSINGAR VEITA

- | Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, sími: 896-1455
- | Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group, sími: 665-8801